

Sp.

632. Þingsályktun

um sjómælingar og rannsókn fiskimiða.

(Afgreidd frá Sp. 9. maí).

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að láta fram fara í sumar, að fengnum tilögum fiskifræðinga landsins og í samráði við fiskimálanefnd, rannsókn á fiskimiðum á ákveðnum svæðum í Grænlandshafi og annarsstaðar þar, sem líkur benda til, að árangur fái af slíkum rannsóknum, og gera þar tilraunir með veiði þorsks og annara nytjafiska.

Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að nota varðskipið Þór til þessara rannsókna og tilrauna, eftir því sem við verður komið, svo og að styrkja að nokkru, ef nauðsynlegt þykir, veiðiferðir einstakra togara til þessara miða.

Kostnaður við rannsóknir þessar og tilraunir greiðist úr fiskimálasjóði, að því leyti sem ekki þykir tiltækilegt að greiða hann úr ríkissjóði.